

Ár 1988, miðvikudaginn 7. desember, var í málinu nr. 6/1988 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :

Með bréfi dags. 29/9 1988 sendi Jóhann H. Nielsson, hrl. fyrir hönd Kolbeinsstaðarhrepps í Snafellsness- og Hnappadalssýslu Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi erindi:

„Fyrir Fasteignamatsnefnd eru gerðar svofelldar kröfur: að Yfirfasteignamatsnefnd ríkisins staðfesti, að við endurálagningu fasteignaskatts á eigendur fasteignanna Haffjarðará og Oddastaðavatns, hafi gjaldskylda hvílt á eigendum eignanna og að skattarnir hafi verið lagðir á rétta gjaldstofna.“

Í bréfi umboðsmanns eigenda framangreindra fasteigna, Jóns Steinars Gunnlaugssonar, hrl., til oddvita Kolbeinsstaðarhrepps dags. 17/8 1988 segir m.a.:

„Umbj. mínir leyfa sér að mótmæla viðbótarkröfum yðar. Þér lögðu fasteignagjöld á þessi ár á sínum tíma og tilkynntuð eigendum um álagningu án þess að gera nokkurn fyrirvara um frekari kröfugerð síðar af þessu tilefni. Enginn fyrirvari var heldur gerður við móttöku á greiðslu gjaldanna. Það er raunar afstaða umbj. minna, að slíkur fyrirvari hefði að öllum líkindum ekki dugað til að heimila yður að taka upp álagningu skatta þessara aftur í tímann. Allavega er ljóst að fyrirvari hlýtur að vera lágmarksskilyrði þess að unnt sé að standa svona að málum.“

Að því er varðar viðbótarkröfu yðar vegna ársins 1986 skal að auki bent á að þér kærðu ekki fasteignamatið fyrr en í nóvember 1986, löngu eftir álagningu skattsins og greiðslu hans.“

Í bréfi sama umboðsmanns eigenda fasteignanna til Yfirfasteignamatsnefndar, dags. 25/11 1988, er fyrst vitnað til rökstuðnings hans í bréfinu frá 17/8 1988. Síðan segir umboðsmaðurinn orðrétt:

„Ætla verður, að þær ástæður sem umbj. mínir hafa fyrir andmælum sínum séu ekki þess háttar ástæður sem þér eigið úrskurðarvald um skv. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1980. Er því aðallega gerð sú krafa að þér vísið máli þessu frá yður. Til vara er sú krafa gerð að þér synjið kröfu hreppsins.“

Af fasteignunum Haffjarðará og Oddastaðavatni ber að greiða árlega fasteignaskatt skv. gildandi fasteignamati, því að þær njóta ekki undanþágu skv. 5. gr. laga nr. 73/1980 eða öðrum lögum.

Í upphafi l. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 320/1972 segir:

„Leggja skal fasteignaskatt á þær fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati 1. janúar á gjaldaárinu, og skal skatturinn miðast við fasteignamatsverð eignarinnar á þeim tíma.“

Samkvæmt því brast heimild til álagningar viðbótarfasteignaskatts á framangreindar fasteignir fyrir árið 1986, enda hafði enginn fyrirvari verið gerður um það á neinn hátt, hvorki þegar álagning fór fram né við greiðslu hans. Við kærnu fasteignamats eignanna var aðeins eftir rúmur mánuður af álagningarárinu.

Með bréfi til Fasteignamats ríkisins dags. 25/11 1986 kærðu oddvitar Kolbeinsstaðarhrepps og Eyjahrepps til hákkunar fasteignamat Haffjarðarár og Oddastaðavatns. Fasteignamatið tilkynnti eigendum fasteignanna um kærna með bréfi dags. 26/11 1986.


Það fellur undir valdsvið hinna almennu dómstóla, en ekki Yfirfasteignamatsnefndar, að skera úr því, hvort þarna sé kominn fram eðlilegur fyrirvari af hendi Kolbeinsstaðarhrepps um viðbótarálagningu fasteignagjalda fyrir árið 1987 eða hvort hans sé yfirleitt þörf. Forsvarsmaður Kolbeinsstaðarhrepps hefur ekki tjáð sig um það fyrir Yfirfasteignamatsnefnd, hvort slíkur fyrirvari hafi verið gerður sérstaklega við álagningu eða greiðslu fasteignagjaldanna. Ber því að visa þessum lið kærunnar frá Yfirfasteignamatsnefnd.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Eigendum fasteignanna Haffjarðarár og Oddastaðavatns í Kolbeinsstaðarhreppi er óskýlt að greiða álögd viðbótarfasteignagjöld af þessum eignum sínum fyrir árið 1986.

Úrlausn deilu á milli framangreindra aðila um viðbótarfasteignagjöld af framangreindum fasteignum fyrir árið 1987 er vísað frá Yfirfasteignamatsnefnd.


Pétur Stefánsson


Arni Stefánsson


Guðmundur Magnússon